


**MÁLSKILNINGUR – SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ**  
UPPLÝSINGAR FYRIR FORELDRA YNGSTU GRUNNSKÓLABARNANNA




A woman with blonde hair, wearing a black t-shirt, is sitting at a table and reading a book with a young girl. The girl is wearing a pink Adidas tracksuit with white stripes on the sleeves and glasses. She has a white cast on her right hand. The woman is leaning over the book, pointing at the text. The girl is holding the book open. On the table, there is a blue pen and some papers. In the background, another person is visible, and there are colorful decorations hanging from the ceiling.

**MÁL- OG LESSKILNINGUR BARNA  
– FER SAMAN**

## VISSIR ÞÚ AÐ

- að gott talmál er grunnur að námi barnsins þíns.
- að barn með góðan málskilning á auðveldara með að leika sér og leysa ágreining.
- að það eru sterk tengsl á milli talmáls og læsis.
- að öll ritun styður við lestur – og allur lestur styður við ritun.
- að málþroski barnsins er metinn í lok leikskólans eða fljótlega á fyrsta skólaárinu til að styðja megj sem best við barnið í námi.
- að það er markmið að barnið þitt geti lesið sér til gagns og skilið skrifað mál í samræmi við aldur í lok 2. bekkjar þegar lesskimun er gerð.





## HLUTVERK ÞITT SEM FORELDRI

Það er verkefni grunnskólans að kenna barninu þínu að lesa og skrifa, en sem foreldri ber þér að styðja við mál- og lesskilning barnsins.

Í þessum bæklingi getur þú kynnt þér hvernig þú getur stutt barnið í lestrarnáminu og við ritun.

Óskir þú frekari upplýsinga eða hafir þú áhyggjur af mál- og lesskilningi barnsins þíns getur þú alltaf leitað ráða hjá umsjónarkennara eða öðrum kennurum.

## TALAÐU VIÐ BARNIÐ

Málskilningur barnsins styrkist jafnt og þétt þegar þú ræðir við það.

Gott samtal eykur m.a. orðaforða. Það hefur mikla þýðingu þegar barnið fer að læra að lesa og skilja ritað mál.

- Talið um það sem þið hafið gert og upplifað yfir daginn.
- Spurðu barnið, hlustaðu á það og vertu forvitinn.
- Svaraðu öllum spurningum sem barnið spyr.
- Segðu barninu frá bókunum sem þú ert að lesa, því sem þú sérð í sjónvarpinu eða áhugamálum þínum.
- Syngdu fyrir barnið og leiktu með rímorð og kvæði.
- Biddu barnið um að segja þér frá teikningum og myndum.





## SKRIFAÐU MEÐ BARNINU

Áhugi barnsins á bókstöfum getur skipt sköpum þegar það fer að læra að lesa og skrifa. Mikilvægt er að taka áhuga barns á ritmálinu alvarlega, hvort heldur barnið skrifar alvöru bókstafi eða ekki. Barnið er að safna í sarpinn stöfum og orðum og gera sér grein fyrir notagildi ritmálsins.

- Hjálpaðu barninu að teikna og skrifa
- Skrifaðu bréf, póstkort og smásögur með barninu
- Skrifið saman minnislista og óskalista
- Hjálpaðu barninu að skrifa skilaboð eða skýringartexta við mynd
- Skrifið saman á tölvuna
- Sýndu barninu þínu hvað þú ert sjálfur að skrifa
- Talaðu við barnið um að bókstafirnir eigi bæði nafn (d.d. M) og hljóð (emm).

## LESTU FYRIR BARNIÐ

Flest börn hafa ánægju af því að láta lesa fyrir sig. Notalegar lestrarstundir kveikja löngun barnsins til að læra að lesa. Málskilningurinn eykst þegar þú lest upphátt fyrir barnið þitt og þegar þið talið saman um söguna. Barnið lærir mörg ný orð og öðlast skilning á ritmálinu. Með því er lagður grunnur að lestrarnámi og lesskilningi.

- Lesið saman í rólegu og notalegu umhverfi.
- Skoðið saman bókina þegar þið lesið.
- Spjallið um heiti bókarinnar og myndirnar í bókinni áður en þið hefjið lesturinn.
- Talið saman um efni bókarinnar á meðan þið lesið (t.d. hvað heldur þú að gerist næst?).
- Talið saman um orð sem barnið þekkir ekki.
- Spurðu barnið um söguna og svaraðu spurningum sem það spyr.
- Veldu bækur sem þú veist að barninu þínu finnast skemmtilegar.
- Veldu bækur sem þú þekkir en líka nýjar bækur.
- Það má alveg lesa sömu bókina aftur og aftur.
- Lesið mikið saman.





## FÁÐU BARNIÐ TIL AÐ LESA FYRIR ÞIG

Barnið lærir að lesa í hvert skipti sem það reynir að skilja skrifað mál, t.d. þegar það þekkir orð á skiltum eða um-búðum. Það lærir að þekkja orðin. Smám saman reynir það að lesa ný orð með því að lesa upphafið og geta sér til um merkinguna.

Það krefst tíma og einbeitingar að læra að lesa. Gefðu þér tíma til að lesa með barninu á hverjum degi.

- Skoðið saman bókina og talið saman um myndirnar áður en barnið byrjar að lesa.
- Fáðu barnið til að lesa upphátt fyrir þig .
- Reki það í vörðurnar getur þú klárað orðið.
- Ekki stöðva lesturinn þótt barnið lesi ekki rétt, einungis ef það breytir merkingu textans.
- Talið saman um lesefnið.
- Veldu bækur sem henta lestrarkunnáttu barnsins. Barnið þarf að geta lesið flest orðin hjálparlaust.



## MUNDU ÁVALLT

Að mál- og lestrarskilningur barnsins er grunnur að árangri þess í öðrum námsgreinum og frammistöðu í námi síðar á lífsleiðinni.

Mundu að hrós og hvatning er grunnur að námsáhuga og námsgleði.

Gott samstarf foreldra og skóla skiptir sköpum fyrir mál- og lesskilning barnsins alla skólagönguna.



## UPPLÝSINGAR

Gagnvirkir vefir með skemmtilegu efni fyrir börn:

[www.nams.is/krakkasidur/](http://www.nams.is/krakkasidur/)

[www.skolavefurinn.is/namsgreinar/krakkar](http://www.skolavefurinn.is/namsgreinar/krakkar)

[www.leikuradordum.is](http://www.leikuradordum.is)

Um læsi og lestrarerfiðleika:

[www.lesvefurinn.hi.is/](http://www.lesvefurinn.hi.is/)

Bæklingar eru á Foreldravef Reykjavíkurborgar um hvernig foreldrar geta aðstoðað börn sín við lestrarnámið:

[www.reykjavik.is/foreldrar](http://www.reykjavik.is/foreldrar)

Heimasíða Borgarbókasafnsins er með margs konar áhugavert efni fyrir börn, unglunga og foreldra:

[www.borgarbokasafn.is](http://www.borgarbokasafn.is)

Efni fyrir börn og foreldra með annað móðurmál en íslensku:

[www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)

[www.tungumalatorg.is](http://www.tungumalatorg.is)

Barnabækur á rafrænu formi. Þar má m.a. finna ókeypis rafbækur fyrir börn:

[www.emma.is](http://www.emma.is)

[www.lestu.is](http://www.lestu.is)

[www.pennavinir.is/lestur](http://www.pennavinir.is/lestur)

[www.hlusta.is](http://www.hlusta.is)

[www.hljodbok.is](http://www.hljodbok.is)

Þessi bæklingur hefur verið þýddur á íslensku, dönsku ensku, pósku, sómölsku, arabísku, tyrknesku, víetnömsku, kúrdísku, dari og og pashto.

Þýddu bæklingana finnur þú hér: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

This brochure has been translated into English. The translation can be found on the following website: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Ta broszura jest przetlumaczona na jezyk polski. Przetlumaczony tekst znajduje sie na stronie internetowej: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Qoraalkan waxaa lagu turjumay af soomaali. Turjumidda waxaad ka heli kartaa boggaan: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Bu broşür Türkçe ye de çevrilmiştir. Çeviriyi aşağıdaki internet adresinde bulabilirsiniz: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Tập giấy mỏng này được chuyển dịch sang tiếng Việt. Bạn có thể đọc bản phiên dịch tại trang điện tử sau: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

... هو متيزۆدي هي، هو مراوخ هل ىلأام ى مر هپال هل هك هنارئگر هو ،يدروك ۆب هوارئگر هو هيە كلئام م هي

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

. دېنكادېپ لېڭ س ردا مېدېن اوتېپامېش هك هېدېرگ همجرتوتېشپو یرد ن ابز مې امن هر هچباتك نېا

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

: یرک ادبې یک هحفص یرتوبېمک یدنال هپ همجرت هغد یش ىالوک ىسات هچ . هد ىوش همجرتوتېشپو یرد هپ هچباتك یتامول عم هغد

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

:ئىلائلا هحفصلان اونع ىلع اهدجت تمجرتلا .ئىبىرغلا غللا ىلا مچرت بئىئكلا اذه

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)



Unnið í samstarfi við borgaryfirvöld í Árósum

Utgefið:  
2014

©COPYRIGHT:  
Pædagogisk Afdeling  
Børn og Unge  
Aarhus Kommune

Myndir úr safni  
skóla- og frístundasviðs  
Reykjavíkurborgar